



## Skólasetning Flóaskóla 2022

Skólasetning Flóaskóla fer fram 22. ágúst 2022 í Þjórsárverri.

Skipulag skólasetningar verður sem hér segir:

Nemendur í 2. – 6. bekk mæta kl. 9:00

Nemendur í 7. – 10. bekk mæta kl. 10:30

Að loknu ávarpi skólastjóra fylgja nemendur umsjónarkennurum í heimastofu. Umsjónarkennarar fara yfir og kynna skipulag skólstarfsins í vetur, kynna fyrirkomulag náms og aðra þætti sem skipta máli fyrir skólagöngu nemenda. Gert er ráð fyrir að forráðamenn mæti með börnum sínum.

**Nemendur í 1. bekk** mæta í viðtal ásamt forráðamönnum hjá umsjónarkennara. Nánari upplýsingar um tímasetningar verða sendar til forráðamanna.

Skólahald hefst þriðjudaginn 23. ágúst samkvæmt stundaskrá og á það einnig við um skólaakstur. Skipulag skólaaksturs verður birt á heimasíðu skólans.

Skólastjórnendur